



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fjölda barna á biðlista eftir leiguhúsnæði

Þann 25. maí 2023 lagði fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Láglaunafólk með börn á leigumarkaði er í mjög erfiðri stöðu, skýrsla Vörðu fjallar um stöðu foreldra og einstæðra foreldra sem og kjararéttir Eflingar sem hafa tekið út stöðu barnafólks. Þrátt fyrir að margir foreldrar séu í viðkvæmri stöðu fjárhagslega, þá fá ekki öll að sækja um félagslegt leiguhúsnæði þar sem þau uppfylla ekki skilyrðin. Óskað er eftir þeim upplýsingum sem Reykjavíkurborg hefur um fjölda þeirra barna sem bíða eftir því að komast í öruggt leiguhúsnæði (eins og í félagslegt leiguhúsnæði eða leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnu félagi) og einnig er óskað eftir aldursdreifingu barnanna og skiptingu eftir því hvort þau séu hjá einstæðu foreldri eða foreldrum í sambúð. Í maí 2023 eru 197 barnafjölskyldur að bíða eftir félagslegu leiguhúsnæði hjá borginni, þar af 146 einstæðir foreldrar. Hver er fjöldi þeirra barna sem bíða með foreldrum sínum á biðlistanum og hver er aldursdreifing þeirra? Einnig er óskað eftir upplýsingum um stöðu barna sem bíða eftir húsnæði með foreldrum sínum í öðrum kerfum í borginni, ef að Reykjavíkurborg býr yfir þeim upplýsingum, hér er t.a.m um að ræða íbúðir fyrir stúdenta og íbúðir sem eru byggðar af verkalyðshreyfingunni.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar velferðarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. júní 2023.

Svar:

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda foreldra á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði 1. júní 2023 og fjölda barna þeirra skipt eftir aldri barna og fjölskyldugerð foreldris. Miðað er við börn sem hafa lögheimili hjá foreldrinu, alls 383 börn, en auk þess eru 20 börn sem eru í umgengni hjá foreldrum sem eru á biðlistanum.

Fjöldi foreldra með börn yngri en 18 ára og fjöldi barna, á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði 1. júní 2023

| | Einhleyp móðir | Einhleypur faðir | Hjón/ sambýlistólk með börn | Samtals |
|-----------------------------|----------------|------------------|-----------------------------------|------------|
| Fjöldi foreldra | 130 | 14 | 53 | 197 |
| Fjöldi barna 0-2 ára | 38 | 2 | 16 | 56 |
| Fjöldi barna 3-5 ára | 54 | 4 | 26 | 84 |
| Fjöldi barna 6-9 ára | 45 | 5 | 35 | 85 |
| Fjöldi barna 10-12 ára | 32 | 4 | 29 | 65 |
| Fjöldi barna 13-15 ára | 27 | 3 | 29 | 59 |
| Fjöldi barna 16-17 ára | 19 | 4 | 11 | 34 |
| Fjöldi barna samtals | 215 | 22 | 146 | 383 |



Til viðbótar má hér sjá fjölda þeirra barna sem eru í umgengni hjá foreldrum sem eru á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði.

*Fjöldi barna sem eru í umgengni hjá foreldrum sem eru á biðlista eftir almennu félagslegu leiguhúsnæði
1. júní 2023*

| Fjölskyldugerð | Fjöldi barna |
|-----------------------------|---------------------|
| Einhleyp kona* | 5 |
| Einhleyp móðir | 3 |
| Einhleypur karl | 11 |
| Hjón/sambýlisfólk með börn | 1 |
| Fjöldi barna samtals | 20 |

Upplýsingar um fjölda og stöðu þeirra barna sem bíða eftir húsnæði með foreldrum sínum í öðrum kerfum, svo sem stúdentaíbúðum, íbúðum byggðum af verkalýðshreyfingunni, og hjá leigufélögum, t.d. Bjargi, Heimavöllum, Ólmu, Bríeti, Brynju eða Búseta eru ekki tiltækar á velferðarsviði.

* Einhleyp kona fer ekki með forsjá barns. Einhleyp móðir fer með forsjá barns, annars barns en þess sem er í umgengni.